

Selfossi, 13. des. 2000

## **79. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn þriðjudaginn 12. des. 2000, kl. 12:00 í Hlíðarenda, Hvolsvelli.**

**Mætt:** Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Sesselja Jónsdóttir og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri

### **Dagskrá:**

#### **1. Drög að fjárhagsáætlun 2001 og þriggja ára áætlun 2002 – 2004.**

Lögð fram drög sem framkvæmdastjóri fór yfir.

Einnig lögð fram eftirfarandi tillaga að gjaldskrá Sorpstöðvarinnar fyrir árið 2001:

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum	kr. 2,50 pr. kg.
Gjald fyrir samningsbundin viðskipti	kr. 1,85 pr. kg.
Gjald fyrir sláturúrgang	kr. 4,90 pr. kg.
Gjald fyrir annað aðflutt sorp, sem ekki er samningsbundið	kr. 4,80 pr. kg.
Gjald fyrir seyru	kr. 1,00 pr. kg.
Afgreiðslugjald	kr. 780 pr. losun.
Gjald fyrir trjákulara	kr. 2.200 pr. klst.

Um 20% meðaltalshækkun er að ræða í samræmi við markaða stefnu, sem er sú að sorpgjöld sveitarfélaganna hækki umfram verðlagshækkunar til að þrepaskipta óumflýjanlegri hækkun vegna minnkaðra viðskipta.

#### **2. Kaup á sorptroðara.**

Lagt fram samþykkt tilboð á nýjum sorptroðara, sbr. 3. lið síðasta fundar. Sorptroðarinn mun kosta um kr. 17.000.000 og verður afhentur í marsmánuði á næsta ári. Unnið er að sölu gamla sorptroðarans.

#### **3. Málefni Kjötmjöls.**

Framkvæmdastjóri kynnti málefni fyrirtækisins, en nokkrar blikur eru á lofti vegna áhrifa banns á notkun kjötmjöls í EBE.

Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 29. des. kl. 9:00. Fundi slitið kl. 13:50

Karl Björnsson      Sesselja Jónsdóttir      Ágúst Ingi Ólafsson      Þorvarður Hjaltason

